

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Hafnarfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að nota heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964 og lóðum og fasteignum þeim í landi Setbergs og Þórbergs, sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 34/1978.

Nánar til tekið eru eignir þessar m. a.:

Jörðin Lónakot.

Jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið, Óttarsstaðir II, Óttarsstaðagerði, Blikalón I og Glaumbær.

Jörðin Straumur, þar með talið Straumsbúið, Jónsbúð, Þýskabúð, sumarbústaður Guðrúnar Helgadóttur og eignarland Bjarna Bjarnasonar.

Litli Lamhagi.

Stóri Lambhagi.

Landspilda Hákonar Bjarnasonar.

Landspilda Skógræktar ríkisins.

Landspilda Jóhönnu og Bjargar Sigurjónsdætra.

Gerði.

Sá hluti jarðarinnar Setbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Sá hluti eignarinnar Þórbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R ð

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

5. gr. orðis svo:

„Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.13% (0.13 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.“

Vatnsskattur samkvæmt 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði: minnst 70.12 kr/m³ en mest 91.17 kr/m³
 Vörugeymslur: minnst 52.77 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³
 Aðrar byggingar: minnst 70.12 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 9 527 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 54.04 á hvern rúmmetra vatns.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

14. janúar 1980.

Nr. 16.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 482 4. desember 1979, um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

9. janúar 1980.

Nr. 17.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld: